

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Fundargerð 4. umdæmisstjórnarfundar í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar, starfsárið 2013-2014 haldinn fimmtudaginn 22. maí 2014 kl.18:00 í Kiwanishússalnum, Bíldshöfða 12 Reykjavík

Mættir voru: Dröfn Sveinsdóttir, Gunnlaugur Gunnlaugsson, Hjördís Harðardóttir, Hildisif Björgvinsdóttir, Eyþór K. Einarsson, Tómas Sveinsson, Jóhanna M. Einarsdóttir, Arnór L. Pálsson.

Forföll boðuðu: Gunnsteinn Björnsson, Guðmundur Karl Jóhannesson

Dagskrá:

1. Umdæmisstjóri Dröfn Sveinsdóttir setti fund kl. 18:00.

2. Fjárhagsáætlun 2014 – 2015

Rætt var um að það ætti aldrei að lækka félagsgjöldin, ef þau standa í stað þá er raun lækkun. Tvær fjárhagsáætlanir voru til umræðu ein frá fjárhagsnefnd og hin frá umdæmisféhirði, fram kom að aðeins má leggja fram fjárhagsáætlun fjárhagsnefndar á þingi. Við gætum komið með tillögu að hækkun félagsgjalda. Ef ekki er hægt að fá fjárhagsnefnd til að hækka félagsgjöldin um 100 kr. þá að hafa sama gjald og í fyrra. Eyþór sendir formanni fjárhagsnefndar rökstuðning fyrir því að ekki er hægt að lækka félagsgjöldin. Þegar fjárhagsáætlun er lögð fram ætti að setja inn í hana stöðu í bókhaldi og fjárhagsáætlun árið áður.

3. Vinnuhópar

Samþykkt tillaga frá vinnuhóp sem fjallaði um umdæmisstjórnarfundi, þar sem lagt er til að einn umdæmisstjórnarfundur verði fyrir áramót og svo verði einn fundur án nefndarformanna.

Hafa umræðuhópa á þinginu í haust.

Lagt til að Jóhann Einarsdóttir stýri umræðuhóp um umdæmisþing.

Hjördís Harðardóttir stýri umræðuhóp um styrkingu klúbba.

Eyþór K. Einarsson stýri umræðuhóp um fjármál.

Ragnar Örn Pétursson stýri umræðuhóp um kynningar- og markaðsmál.

4. Heimasíða

Samþykkt að nota peninga 2.500 EUR sem við fegnum fá Evrópustjórn til að uppfæra heimasíðuna. Samþykkt að setja auglýsingapláss á heimasíðuna til að ná í tekjur.

5. Heimsforseti

Rætt um heimsókn heimsforset, gaman væri að fara með hann á Fjörukrána, Bláa Lónið, hafa fundi fyrir Kiwanisfélagi. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði v/heimsóknar heimsforseta í fjárhagsáætlun, fram kom að við þurfum ekki að greiða fyrir hótél.

6. Önnur mál

þarf að kaupa fleiri stóla svo til að auka möguleika til að leigja út salinn.

Umdæmisstjóri sleit fundi kl. 20:05

Hildisif Björgvinsdóttir
Umdæmisritari 2013 - 2014